



Ágæti nýnemi við Lyfjafræðideild.

Hér eru nokkur hagnýt atriði sem mikilvægt er að hafa á hreinu fyrir upphaf námsins:

Kennsla hefst mánudaginn 21. ágúst kl. 08:20 og sama dag kl. 13:20 hefst kennsla í námskeiðinu LYF110G Öryggisnámskeið fyrir rannsóknarstofur í sal 2 í Háskólabíó. **Athugið að það námskeið er eingöngu kennt í fyrstu kennsluvíkunni og skyldumæting er í alla tíma námskeiðsins.**

Mjög mikilvægt er að nemendur verði búin að úthluta sér aðgangi að Uglu þegar kennsla hefst: Þegar skrásetningargjald hefur verið greitt þá getur þú úthlutað þér **notandanafni og lykilorði** að Uglu (innra neti HÍ) ef þú ert ekki nú þegar með aðgang. Kennarar námskeiða og starfsfólk HÍ hafa samband við nemendur í gegnum háskólanetföng. Því er mjög mikilvægt að fylgjast vel með sínu háskólanetfangi. Aðganginn úthlutar þú þér með því að skrá þig inn á umsóknarsíðuna þína („Yfirlit umsókna“) með netfanginu og lykilorðinu sem þú bjóst til við skráningu í [samskiptagátt Háskóla Íslands](#).

Drög að stundaskrá má sjá [hér](#) en **um leið og kennsla hefst gildir stundaskrá í Uglu.**

Kynningarfundur Lyfjafræðideildar með nýnemum

Fundur með nýnemum í Lyfjafræðideild verður haldinn föstudaginn 25. ágúst kl. 11:40 í Haga og verður nýnemum boðið upp á pizzu fyrir fundinn. Á fundinum kynna deildarforseti og formaður kennsluráðs Lyfjafræðideildar mikilvæg atriði varðandi nám í Lyfjafræðideild HÍ. Einnig verður Tinktúra, nemendafélag Lyfjafræðinema, með kynningu á sínu starfi. **Mikilvægt er að mæta á þennan fund og ástunda námið af kappi frá fyrsta skóladegi.** Eftir fundinn hefst síðasti hluti öryggisnámskeiðsins sem er eldvarnaræfing. Nemendum verður skipt í hópa, sum byrja á eldvarnaræfingunni á meðan önnur hitta nemendur af efri árum sem veita leiðsögn um Haga og svara spurningum.

Nemendafélag lyfjafræðinema, Tinktúra, hefur búið til hóp á Facebook fyrir nýnema og eruð þið hvött til að skrá ykkur í hópinn “1. árs lyfjafræðinemar 2023-2024” „[1. árs lyfjafræðinemar 2023-2024](#)“

Nýnemadagar Háskóla Íslands

Háskóli Íslands býður nýnema velkomna með sérstökum nýnemadögum 4. - 8. september 2023. Þá daga standa fulltrúar frá Stúdentaráði fyrir svörum á upplýsingaborðinu eruð þið öll hvött til að taka þátt í dagskránni. Þar er boðið upp á skemmtilega viðburði og fræðslu um lífið og þjónustuna sem veitt er í Háskólanum. Dagskrá nýnemadaga fer að mestu fram á Háskólatorgi og er allar nánari upplýsingar [er að finna hér](#).

Vertu velkomin/inn/ið til náms við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands,
Guðrún Ösp Sigurmundadóttir, verkefnisstjóri kennslumála